

INNGANGUR

Þegar þær hugmyndir sem settar eru fram í þessari bók eru athugaðar og teknar til vandlegrar yfirvegunar þarf að hafa viss grundvallaratriði í huga:

Í fyrsta lagi, að það sem skiptir hvern nema mestu máli er ekki persónuleiki kennarans heldur þau sannindi sem hann kennir, og hæfni nemans til að greina á milli sanninda, hlutasanninda og ósanninda.

Í öðru lagi, að samhliða aukinni innræðri fræðslu vex ábyrgð mannsins í sínu ytra lífi. Lát því hvern nema líta á sjálfan sig gagnrýnum augum minnugan þess, að skilningur fæst með því að hagnýta þann hluta sannindanna sem náð er tökum á við vandamálin í daglegu lífi og nánasta umhverfi, og að vitundin vex og þroskast þegar öll breytni í lífinu er miðuð við þau sannindi sem látin eru í té.

Í þriðja lagi, að virk hollusta við þá leið sem valin hefur verið, og stöðug viðleitni sem sigrast á öllu og ekkert fær bifað, er frumskilyrði fyrir árangri og opnar aðgang að því ríki, vídd og tilverustigi sem hin innri vitund þekkir. Það er þetta stig skilnings sem veldur breytingum á formi og umhverfi í réttu hlutfalli við mátt þess.

Þessi þrjú atriði eru svo mikilvæg, að rétt er að allir taki þau til vandlegrar skoðunar, og nauðsynlegt er að menn átti sig á gildi þeirra að einhverju leyti til að frekari raunverulegur árangur verði mögulegur. Mitt hlutverk er ekki það að setja fram aðferðir við einstaklingsbundna og persónulega hagnýtingu fræðslunnar sem gefin er. Slíkt verður hver nemi að gera fyrir sjálfan sig.

Þið hafið hyggilega gætt þess að fræðslan beri engan

vott af valdboði að ofan, og í bókum ykkar er hvergi að finna neinar dulfræðilegar vísbendingar um stjórnun eða stuðning Helgivaldsins, eins og þær sem alið hafa af sér hinar þröngu takmarkanir ýmissa kirkjulegra féлага og hópa, jafn ólíkra og Kapólsku kirkjunnar, Kristilegra vísinda, þeirra sem trúá innblásin orð Ritningarinnar og fjölmargra (svonefndra) dulfræðiféлага. Bölvun margra hópa felst í hinu hvíslandi orði: „Þeir sem þekkinguna hafa óska. . .“ „Meistarinn segir. . .“ „Hinir miklu mæla svo fyrir. . .“ og hinn óupplýsti fjöldi staulast og hrasar í blindni hver um annan þveran til að hlýðnast boðunum. Með misstilningu dýrkun sinni trúá þeir því að þeir ná sambandi við vissar valdamiklar persónur og geti þannig stytt sér á einhver hátt leiðina til himnaríkis.

Þið hafið hyggilega gætt þess að verja bækur ykkar frá boðum eignuðum þeim sem staðhæfa að þeir séu meistarar, fullnumar eða vígsluhafar. Nafn mitt og stöðu má ekki gera uppskátt, og menn verða að líta á mig sem eldri nema og leitanda sem er að vinna að því að ná þeirri vitundarþenslu sem fyrir mig er næsta skref framundan. Það eina sem skiptir máli eru sannindin sem ég hef fram að færa og hvatningin og hjálpin sem ég get gefið vegmóðum pílagrími; það sem ég hef lært í gegnum reynsluna stendur til boða öllum einlægum leitendum, og sú víða yfirsýn sem ég get veitt (sem stafar af því að ég hef klifið hærri hæðir en sumir) er meginframlag mitt. Nenum er frjálst að íhuga þessar staðreyndir, en ég bið þá að sleppa fánýtum tilgátum um smáatriði lítilvægra persónuleika og umhverfisaðstæðna.

Viðfangsefni okkar verður kynngi sálarinnar, og hugsunina sem liggur að baki öllu því sem í þessari bók stendur er að finna í orðum *Bhagavad Gita* sem svo hljóða:

„Þó ófæddur ég sé, sálin sem er eilíf, þó ég sé lávarður allra lífvera, sem drottnandi eðlis míns birtist ég samt fyrir kynngi sálarinnar.“

Gita IV.6.

Tölfræði og staðreyndafræði eru nauðsynlegur grunnur og fyrsta skref flestra vísindalegra athugana, en í þessari bók munum við beina athygli okkar að eðlisþætti lífsins og hagnýtri notkun sannleikans í daglegu lífi leitandans. Við munum athuga hvernig hægt er að verða gagnlegur kynngimeistari, og á hvern hátt best er að lifa lífi hins andlega manns og nemans sem leitast við að verða viðurkenndur lærisveinn á þeim sérstöku tímum sem við lifum á og við þær aðstæður og umhverfi sem við búum við.

Í þessu skyni skulum við taka til skoðunar kynngireglurnar fimmtán sem er að finna í fyrri bók minni er nefnist *A Treatise on Cosmic Fire* (bls. 996-1026). Ég mun útskýra þær í tengslum við starf leitandans og gefa hagnýtar leiðbeiningar við að byggja upp sálarsamband og sálartjáningu, en ég mun ekki fjalla um kosmískt eða sólkerfislegt gildi þeirra né aðrar hliðstæður og samsvaranir. Ég mun líta á það sem sjálfgefið að fyrir hendi sé viss þekking hjá nemanum og að hann geti hagnýtt sér og skilið viss tæknileg hugtök sem ég kann að nota. Ég er ekki að kenna smábörnum heldur þroskuðum körlum og konum sem hafa valið sér vissa braut og hafa skuldbundið sig til að „ganga í ljósinu.“

Með þessari bók reyni ég að gera fernt, og ég höfða til þrenns konar manngerða. Fræðsla bókarinnar byggist á fjórum grundvallandi forsendum. Þeim er ætlað eftirfarandi:

1. Að kenna lögmál andlegrar sálarfræði sem er frábrugðin hugrænni og geðrænni sálarfræði.
2. Að gera mönnum ljóst eðli mannssálarinnar og sólkerfisleg og kosmísk samskipti hennar. Þetta felur í sér heildissambönd hennar sem fyrsta skrefið.
3. Að sýna fram á sambandið á milli sjálfsins og hjúpanna sem þetta sjálf kann að nota, og gera með því móti hugmyndir manna um samsetningu mannsins ljósari.
4. Að útskýra hinar yfirnáttúrulegu máttargáfur og gefa upp reglur fyrir hættulausa og hagnýta þroskun þeirra.

Við erum nú stödd á lokaskeiði mikilla umbreytinga, og hin fíngerðari svið lífsins eru nú nálægri en nokkur sinni fyrr; óvenjuleg fyrirbrigði og óútskýranlegir atburðir eru nú algengari en nokkru sinni áður, og umræðuefni eins og fjarhrif og sálræn og sérkennileg fyrirbrigði eru ofarlega á baugi jafnvel meðal efahyggjusinna, vísindamanna og trúaðra. Hvarvetna er leitað svara um ástæður dulrænna fyrirbæra, og félög eru stofnuð til að rannsaka og framkalla slík fyrirbæri. Margir leiðast einnig út á villigötur við að reyna að virkja hjá sjálfum sér sálrænar aðstæður og þá orkumyndandi þætti sem framkalla óvenjulega hæfileika. Reynt verður að aðlaga upplýsingarnar sem gefnar eru í þessari bók að heimsmyndinni eins og hún kemur mönnum fyrir sjónir nú á tímum, og sýnt verður fram á hversu allt sem talið er yfirnáttúrulegt er í raun eðlilegt og raunverulegt. Allt er lögmáli háð, en lögmálin þarfnast útskýringa nú þegar framþróun mannsins hefur náð því stigi að réttara mat á fegurð þeirra og raunveruleika er mögulegt.

Það eru þrjár manngerðir sem þessi bók mun höfða til. Þær eru:

1. *Þeir víðsýnu rannsakendur* sem eru fúsir til að viðurkenna grundvallaratriði hennar sem tilgátu sem hægt er að starfa eftir meðan ekki hefur verið sýnt fram á að hún sé röng. Þeir viðurkenna fúslega efasemdir sínar en eru tilbúnir, í sannleiksleit sinni, að prófa aðferðirnar og fylgja eftir þeim vísbendingum sem þeim eru gefnar til íhugunar.
2. *Leitendur og lærisveinar.* Þeir munu gaumgæfa þetta rit í þeim tilgangi að fá betri skilning á sjálfum sér, og vegna þess að þeir leitast við að koma meðbræðrum sínum til hjálpar. Þeir munu ekki taka við boðskapnum gagnrýnislaust, heldur gera tilraunir, bera saman og staðfesta vandlega þau stig og skref sem sett eru fram í þessum hluta fræðslu hinnar tímalausú visku.
3. *Vígsluhafar.* Þeir munu átta sig á merkingu sem

hulin er aðilum í fyrsta hópnum og er aðeins óljós grunur hjá lengra komnum leitendum og lærisveinum. Innra með sér vita þeir um sannindi margra staðhæfinganna og átta sig á innræðum verkunum margra lögmálanna. Þessi náttúrulögmál hafa áhrif á þrem aðgreindum sviðum:

- a. Efnislega, þar sem þau koma fram sem áhrif í hinu þétta efnisformi.
- b. Á etherísku sviðsstigunum, þar sem þau birtast sem orkan að baki þessum áhrifum.
- c. Hugrænt, þar sem þau tengjast hvötunum sem valda hinum tveim.

Í bókinni *A Treatise on Cosmic Fire* var aðallega fjallað um efnið frá sólkerfislegu sjónarmiði en ekki minnst á þátt mannsins eða samsvaranir í ríki mannsins nema að því leyti sem þær sýndu fram á tengsl hlutans við hina stærri heild og samband einingarinnar við samheildina.

Í þessari bók verður þróun og þroski mannsins tekinn sérstaklega fyrir og reynt að útskýra orsakirnar fyrir afleiðingunum eins og þær birtast í nútímanum. Einnig verður sjónum beint að framtíðinni og möguleikunum sem hún ber í skauti sér ásamt eðli þeirra möguleika sem eru að koma fram á sjónarsviðið.

Þessi bók verður einnig byggð á fjórum frumforsendum sem nauðsynlegt er að nemar eftirfarandi blaðsíðna viðurkenni að séu tilgátur sem eru þess verðar að þeir taki þær til athugunar og prófunar. Enginn sannur nemi hinnar tímalausu visku er beðinn um að trúa í blindni á neina framsetningu sanninda; hann er þó beðinn um að forðast fordóma og vega og meta með alvöru kenningarnar og hugmyndirnar og lögmálin og sannindin sem hafa leiðbeint svo mörgum úr myrkrinu inn í ljós þekkingar og reynslu. Þessar forsendur eru settar fram í eftirfarandi númeruðum setningum í röð eftir mikilvægi þeirra.

I. Til er í raunbirtum alheimi okkar tjáning Orku eða

Lífs sem er ábyrg orsök hinna margvíslegu forma og hins gríðarstóra veldisstiga skynrænna vera sem í heild sinni er öll tilveran. Þetta er hin svonefnda lífefniskenning (hylozoistic theory), þó slíkt hugtak geri ekkert annað en að rugla menn í ríminu. Þetta mikla Líf er grundvöllur einhyggju, en allir upplýstir menn aðhyllast einhyggju. Orðin „Guð er einn“ eru framsetning sanninda. Eitt líf gegnsýrir öll form, og þessi form eru tjáning hinnar alheimslegu miðlægu orku í tíma og rúmi. Tilveran er líf í birtingu. Það er því grunnorsök tvíhyggju. Tvíhyggjan kemur fram þegar lífið er í birtingu en hverfur þegar formþátturinn er ekki til staðar. Henni er hægt að lýsa með mörgum hugtökum, en til útskýringar getum við talið hér upp þau helstu:

<i>Andi</i>	<i>Efni</i>
Líf	Form
Faðir	Móðir
Frumkvæðni	Móttækileiki
Myrkur	Ljós

Nemar verða að hafa skýrt í huga hina eðlislægu einingu, jafnvel þegar þeir (eins og nauðsyn krefur) nota takmörkuð hugtök um þá tvígreiningu sem alls staðar er tímabundið til staðar.

II. Önnur forsendan er beint framhald hinnar fyrstu. Í henni felst það, að hið eina Líf, sem birtist í efni, myndar þriðja þáttinn, sem er vitund. Þessi vitund, sem er afleiðing af sameiningu hinna tveggja póla anda og efnis, er sál alls sem til er; hún gegnsýrir allt efni, eða hina hlutlægu orku; hún er grundvöllur allra forma, hvort sem það form er sú orkueining sem við nefnum atóm, eða form manns, plánetu eða sólkerfis. Þetta er *kenningin um sjálfsmeðvitund* eða sú hugmynd að allir lífsneistarnir, sem til samans mynda hið eina Líf, gerast rótfastir í efni, ef svo má segja, á sínum sérstaka stað og í sínu ástandi, og taka sér form sem gerir þeim kleift að verða meðvitaðir um

sitt sérstaka vitundarstig og staðga sveiflutíðni sína; þannig er þeim fært að skynja sína eigin tilvist. Á sama hátt gerist hið eina Líf einnig varanleg og meðvituð vera með atbeina sólkerfisins, og er því í eðli sínu samheild orkutegunda, allra vitundarþátta og allra forma tilverunnar. Hin einsleita samheild verður að hinu sundurlausa og misleita, en er samt eining; hið eina birtir sig í fjölbreytni en er samt áfram hið sama; í tíma og rúmi virðist hin miðlæga eining samsett og skipt, en þegar tími og rúm eru ekki lengur til (því þau eru ekkert annað en vitundarstig) er aðeins hið eina til, og andinn einn varir að viðbætti aukinni sveifluvirkni og hæfni til að birta aukið ljós þegar tími raunbirtingar rennur aftur upp.

Innan áhrifasviðs hins eina raunbirta Lífs endurtaka öll hin minni líf atburðarás tilverunnar – guðir, englar, menn og allur hinn ótölulegi fjöldi lífa sem birtir sig í gegnum form náttúruríkjanna í rás þróunarinnar. Öll verða þau sjálfhverf og sjálfsákvarðandi.

III. Í þriðju frumforsendunni segir að markmið lífsins með því að taka sér form og tilgangur raunbirtrar tilveru sé þroskun vitundar, eða opinberun sálarinnar. Þessu mætti gefa nafnið: *kenningin um þróun ljóssins*. Þegar ljóst er að jafnvel vísindamenn nútímans halda því fram að orðin ljós og efni séu hugtök sömu merkingar og endurtaka þar með austrænar kenningar, verður augljóst að með samspili póllanna og núningmótstöðu andstæðnanna blossar fram ljós. Markmið þróunarinnar reynist vera stigvaxandi birting ljóss. Ljós dylst í hverju formi. Eftir því sem þróunin rennur sitt skeið verður efnið í vaxandi mæli betri leiðari þessa ljóss, og opinberar þannig sannleikann í orðum Krists: „Ég er ljós heimsins“.

IV. Í fjórðu frumforsendunni felst sú staðhæfing að birting allra lífa tengist endurtekningu í tíma. Þetta er *endurfæðingar-* eða *endurholdgunarkenningin*, og um leið dæmi um verkun lotulögmálsins, eða lögmáls endurtekningar í tíma.

Þannig hljóða hin miklu grundvallarsannindi hinnar tímalausú visku – tilvera lífs, og þróun vitundar með endurtekinni birtingu í formi.

Í þessari bók verður þó megináherslan lögð á hið smáa líf; manninn „gerðan í mynd Guðs“, sem þroskar vitund sína með endurteknum jarðvistum uns hún nær fullri blómgun í hinni fullkomnu sál, sem í eðli sínu er ljós og býr yfir skilningi sem einkennist af meðvitaðri sjálfsvitund. Þessi þroskaða eining sameinast um síðir með fullum skilningi og samstarfi hinnar meiri vitund sem hún er hluti af.

Áður en við byrjum á viðfangsefni okkar er rétt að skilgreina viss orð sem verða mikið notuð, svo við höfum réttan skilning á umræðuefninu og þeim hugtökum sem notuð verða.

1. *Hið dulfræðilega.* Þetta hugtak varðar dulda krafta tilverunnar og orsakir þess hátternis sem veldur framkomu raunbirtingar. Orðið „hátterni“ er notað hér með ásetningi, því að öll raunbirting í öllum ríkjum náttúrunnar er tjáning lífs, tilgangs og virkni einhverrar veru eða tilvistar, og er því bókstaflega hátterni (ytra eðli eða eiginleiki) lífs. Hvötin til athafna liggur dulin í tilgangi þess lífs sem um ræðir, hvort sem það er líf sólkerfis, plánetuveru, manns eða þeirrar Veru sem er *samheild* vitundarþátta og allra forma einhvers náttúruríkis.

2. *Lögmál.* Lögmál gefur til kynna tilveru æðri veru sem gædd er markmiði og vitsmunum og samræmir krafta sína þannig að sérstök áætlun mótast jafnt og þétt. Með nákvæmri vitneskju um markmiðið hrindir þessi vera í framkvæmd þeirri atburðarás sem mun fullkomna áætlunina þegar henni er framfylgt. Venjulegur skilningur manna á orðinu „lögmál“ felur í sér hugmynd um verkanir sem virðast ósveigjanlegar og óhagganlegar, og ofar skilningi þeirra sem þurfa að hlíta þeim; frá einu sjónarmiði séð felur það í sér það viðhorf að einstaklingurinn sé algerlega á valdi hóphvatar og sé ófær um að breyta þeirri hvöt eða komast undan henni; sá sem hugleiðir þessi lögmál hefur óumflýjanlega á

tilfinningunni að hann sé fórnarlamb – eins og lauf sem fýkur fyrir vindinum í áttina að markmiði sem enga örugga vitneskju er að fá um, og að hann sé undir stjórn krafts sem virðist verka með óviðráðanlegum þrýstingi og valdi þannig sérstökum hópárangri á kostnað einstaklingsins. Þannig viðhorf er óhjákvæmilegt þar til vitund mannsins hefur þanist það mikið út að hann geti greint hinar æðri forsendur. Þegar hann hefur náð sambandi við æðra sjálf sitt og getur þannig öðlast hlutdeild í þekkingunni á markmiðinu, og þegar hann sér samhengið í víðari skilningi eftir að hafa klifið tind víðsýnisins og víkkað sjóndeildarhring sinn, kemst hann að því að lögmál er ekkert annað en andleg hvöt, frumkvæði og lífsbirting þeirrar Veru sem hann lifir og hrærir í. Hann lærir að sú hvöt opinberar vitsmunalegan tilgang, sem stýrt er af hyggindum og grundvallast á kærleika. Þá byrjar hann sjálfur að beita lögmálinu eða beina í gegnum sig eins miklu af þeirri andlegu lífshvöt sem hans sérstaka lífkerfi getur tekið við, sent frá sér og hagnýtt. Hann er ekki lengur hindrun heldur gerist sjálfur miðlari. Hann lýkur því tímаскеiði sem einkennist af lokuðu sjálfhverfu lífi og opnar upp á gátt dyrnar að andlegri orku. Við það sér hann að lögmálið sem hann hingað til hefur hatað og vantreyst er sá lífgefandi og hreinsandi þáttur sem ber hann og öll sköpunarverk Guðs með sér í átt til dýrlegrar fullkomunar.

3. *Hið sálræna.* Það eru til tvær gerðir af sálrænum krafti í birtingu hvað mannkynið varðar, og brýnt er að menn hafi skýran skilning á þeim báðum. Það er krafturinn sem lífgar lægri ríki náttúrunnar – hin ídveljandi orka sem ásamt orku efnisins er orsökina að myndun allra forma. Afleiðingin af tengingu þessara orkutegunda er sú, að dulín skynhæfni og svörunarhæfni bætast við vísinn af vitsmunum sjálfs efnisins og mynda hið huglæga fyrirbrigði sem við nefnum dýrasál. Hún er til í fjórum næmleikastigum varurðar:

- a. Vitund steinaríkisins.
- b. Vitund jurtaríkisins.
- c. Vitund dýraríkisins.
- d. Vitund dýraformsins sem hinn andlegi maður notar, sem er, þegar allt kemur til alls, aðeins hluti dýraríkisins í sinni æðstu birtingu.

Í öðru lagi er það sálræni krafturinn sem er afleiðing af sameiningu andans og hins skyni gædda efnis í ríki mannsins og myndar sálræna miðstöð sem við gefum nafnið mannsál. Þessi sálræna miðstöð er orkustöð, og krafturinn, sem hún stendur fyrir eða birtir, kallar fram svörunarhæfni og varurð sem heyrir til sál plánetulífsins, heildisvitund sem ber með sér hæfileika og þekkingu af annarri gerð en þeirri sem einkennir dýrasálina. Þessir eiginleikar leysa um síðir af hólmi krafta dýrasálarinnar, sem takmarka, rangfæra og fjötra, og gefa manninum vítt svið sambanda og þekkingar sem eru óskeikul og villulaus, og veita honum aðgang að „frelsi himnanna“. Áhrifin af óheftum athöfnum mannsálarinnar eru vel til þess fallin að sýna fram á skeikulleika og tiltölulegt gagnsleysi hæfileika dýrasálarinnar. Það er eingöngu ætlun mín hér að sýna fram á þá tvo máta sem orðið „sálrænt“ er notað. Við munum síðar meir fjalla um vöxt og þroska hins lægra sálræna eðlis, eða sálar starfstækjanna sem maðurinn notar í heimunum þrem, og leitast síðan við að útskýra hið sanna eðli mannsálarinnar og þeirra hæfileika sem hægt er að virkja þegar maðurinn er fær um að ná sambandi við sína eigin andlegu miðstöð, sálina, og vera fullkomlega vakandi í vitund hennar.

4. *Þróun*. Lífið í hjarta sólkerfisins vinnur að vexti og þróun orkutegunda þess alheims sem hinum takmarkaða manni er ekki mögulegt að gera sér grein fyrir. Á sambærilegan hátt er orkustöðin, sem við nefnum hinn andlega eðlisþátt mannsins, að vinna (með hagnýtingu efnis) að vexti og þróun þess sem við nefnum sál, og um leið hins æðsta stigs *formbirtingar* – það er ríki mannsins. Maðurinn er æðsta stig birtingar í heimunum þrem. Með hugtakinu maður á ég

við hinn andlega mann, Guðsson í efnislegri holdgun. Form allra ríkja náttúrunnar – manna, dýra, jurta og steina – leggja sitt af mörkum til slíkrar raunbirtingar. Orka þriðja eðlisþáttar guðdómsins vinnur að opinberun sálarinnar eða annars eðlisþáttarins, en hann opinberar svo æðsta eðlisþáttinn. Ætíð verður að hafa í huga orð H.P. Blavatsky í *The Secret Doctrine* sem tjá með nákvæmni það sama: „Lítið er á lífið sem hið eina form tilvistar. Það birtir sig í því sem nefnt er efni; eða því sem við nefnum anda, sál og efni, og ranglega aðgreinum hjá mannum. Efnið er tæki sálarinnar til birtingar á þessu tilverusviði, og sálin er tæki á æðra tilverusviði til birtingar fyrir andann, og þessi þrjú eru þríeining samfjölluð með lífinu sem gegnsýrir þau öll.“ (*The Secret Doctrine*. 1. bindi, bls. 79-80.)

Sálin þróast með notkun og hagnýtingu efnis og hástig hennar er að finna í mannsálinni. Í þessu fræðiriti verður fjallað um þróun og þroska sálarinnar og hvernig maðurinn mun leiða hana í ljós.

5. *Þekking*. Þekkingu má skipta í þrjá flokka.

Fyrsta má telja hina *fræðilegu þekkingu*. Það er sú þekking sem maðurinn er meðvitaður um og viðurkennir vegna fullyrðinga annars fólks og sérfræðinga á hinum ýmsu sviðum þekkingar. Hún byggist á yfirlýsingum sem maðurinn telur áreiðanlegar og í henni felst traust á rithöfundum eða ræðumanni og þjálfuðum vitsmunum þeirra sem starfa á hinum ýmsu sviðum hugsunar. Sannindin eru viðurkennd sem slík, en hafa ekki verið sett fram né sönnuð af þeim sem þannig viðurkennir þau, þar eð hann skortir bæði nauðsynlega þjálfun og tæki. Dómar vísindanna, guðfræðikenningar trúarbragðanna og niðurstöður heimspekinga og hugsuða hvarvetna móta viðhorfið og mæta engri andstöðu hins óþjálfaða huga, en það er hinn almenni hugur.

Þá má í öðru lagi nefna *þekkingu byggða á dómgreind*. Hún hefur í sér þann eiginleika að velja og hafna og byggir á vitsmunalegu mati og hagnýtingu hinnar sérstöku vísindalegu aðferðar með því að prófa, vísa því frá sem

ekki er hægt að prófa, og aðgreina þá þætti sem mögulegt er að rannsaka og samræmast lögmálinu eins og það er skilið. Hinn vitsmunalegi, rökrétti, nákvæmi og hluthæfi hugur er nýttur með þeim árangri að mörgu af því sem er barnalegt, óhugsandi og ósannanlegt er hafnað, og afleiðingin er sú að hreinsað er til á sviðum hugsunar. Þessi aðgreinandi og vísindalega aðferð hefur gert mannum kleift að komast að mörgum sannindum varðandi heimana þrjá. Hin vísindalega aðferð hefur sama hlutverk gagnvart huga mannsins og hin dulfræðilega aðferð hugleiðslu (fyrstu tvö þrep hennar, einbeiting og viðvarandi einbeiting eða hugleiðsla) hefur gagnvart einstaklingnum. Hún getur af sér rétta hugræna starfsemi; alls kyns óþarfa og röngum framsetningum sanninda er um síðir kastað fyrir róða eða leiðréttar, og hin stöðuga einbeiting athyglinnar að fræghugsun, vísindalegu viðfangsefni, heimspekikeningum eða heimsvandamáli leiðir að lokum til þess að úr flækjunni greiðist og stöðugt seytla inn réttar hugmyndir og traustar lausnir. Fremstu hugsuðir allra hinna miklu hugrænu stefna eru einfaldlega málsvarar dulfræðilegrar hugleiðslu, og snjallar uppgötvanir vísindanna, réttar túlkanir náttúrulögmálanna og framsetning réttra niðurstaðna, hvort sem það er á sviði vísinda, hagfræði, heimspeki, sálfræði eða annarra, er aðeins skynjun hugans (og heilans í framhaldi af því) á óforgengilegum sannindum og einnig vísbending um það að mannkynið sé að byrja að brúa bilið á milli hins hlutlæga og hins huglæga, milli formheimsins og hugmyndaheimsins.

Þetta leiðir óhjákvæmilega til þess að hin þriðja gerð þekkingar kemur í ljós, en það er *þekking byggð á innsæi*. Innsæið er í raun aðeins mat hugans á einhverjum þætti sköpunar, einhverju lögmáli raunbirtingar og einhverri hlið sanninda, sem sálin þekkir og stafa frá heimi hugmyndanna og eru í ætt við þær orkutegundir sem framkalla allt sem þekkt er og séð. Sannindin eru ætíð til staðar og lögmálin eru ávallt virk, en það er ekki fyrr en hugurinn hefur verið þjálfaður og þroskaður, og er orðinn einbeittur og opin,

að hægt er að uppgötva þau, um síðir að skilja þau og loks að aðlaga þau að þörfum og kröfum tímans og tímabilsins. Menn sem hafa þjálfað huga sinn á þennan hátt í list hinnar skýru hugsunar, einbeitingu athyglinnar og viðtöku sannindanna sem fylgja í kjölfarið, hafa alltaf verið meðal okkar, en hingað til hafa þeir verið fáir og strjálir. Þeir eru hinir miklu hugsuðir í tímans rás. En nú á tímum eru þeir margir og fjöldi þeirra fer vaxandi. Hugur manna eru í þjálfun og margir eru á mörkum nýrrar þekkingar. Innsæið, sem vísar öllum þroskuðum hugsuðum veginn inn á ný svið lærdóms, er aðeins fyrirrennari þeirrar alvisku sem einkennir sálina. Sannleikurinn um alla hluti er til og hann nefnum við alvisku, óskeikulleika og „réttu þekkingu“ í heimspeki hindúa. Þegar maðurinn skilur einhvern hluta hans og vitund mannkynsins drekkur hann í sig, er rætt um það sem framsetningu lögmáls eða uppgötvun einhvers af ferlum náttúrunnar. Allt fram á okkar tíma hefur þetta verið hægfara og skrykkjótt ferli. Síðar meir, og áður en mjög langur tími hefur liðið, mun ljós streyma inn, sannleikurinn opinberast og mannkynið mun taka við arfleifð sinni – arfleifð sálarinnar.

Í sumum hugleiðingum okkar hljótum við að grípa til tilgátna. Ef menn sjá hugsýnir, sem útilokaðar eru frá þeim sem ekki búa yfir nauðsynlegri hæfni til að skynjunar, eru þeir taldir ímyndunarveikir og óáreiðanlegir. Þegar margir skynja þessa sýn, er viðurkennt að hún geti átt við rök að styðjast, en þegar sjálft mannkynið býr yfir hinu vökula og opna auga, er ekki rætt um hugsýn heldur staðreynd og lögmál sett fram. Þannig er saga fortíðarinnar og svo mun það einnig verða í framtíðinni.

Frá sjónarmiði hins almenna manns er fortíðin aðeins getgátur, og það er framtíðin einnig í sama mæli, en sjálfur er hann afleiðing fortíðarinnar og framtíðin ræðst af núverandi einkennum hans og eiginleikum í heild sinni. Ef þetta á við um einstaklinginn, gildir það einnig um mannkynið sem heild. Sú eining náttúrunnar, sem við nefnum fjórða eða mennska lífríkið, er samnefnari fyrir það sem

efnisleg arfleifð þess hefur myndað; það einkennist af samanlögðum geðrænum og hugrænum þroska sínum, og styrkleiki þess felst í því sem því hefur tekist að afla sér á þeim tímabilum sem það hefur tekist á við umhverfi sitt – samheild hinna náttúruríkjanna. Mannkynið býr yfir möguleikum og dulduðum eiginleikum, einkennum og eigindum sem framtíðin mun leiða í ljós og sem sjálfir munu svo ákvarða þessa framtíð.

Ég hef, með ásetningi, byrjað á hinu óskilgreinanlega og óþekhta. Sálin er enn óþekkt stærð. Hún á sér hvergi neinn raunverulegan stað í kenningum fræðimanna og vísindamanna. Tilvist hennar hefur ekki verið sönnuð, og jafnvel meðal hinna víðsýnni fræðimanna er hún aðeins talin möguleiki sem enn á eftir að sanna. Staðreynd hennar er ekki viðurkennd í vitund mannkynsins. Það eru aðeins tvær manngerðir sem líta á tilvist hennar sem staðreynd; önnur er hin trúgjarna, óþroskaða og barnslega persóna sem viðurkennir efasemdalaust staðhæfingar trúarbragðanna um sálina, Guð og ódauðleikann, þar eð viðkomandi hefur verið alinn upp við trúarlega fræðslu og er trúarlega sinnaður. Hin er sá smái en stöðugt vaxandi hópur sem þekkir Guð og raunveruleikann, veit af eigin reynslu að sálin er staðreynd, en er ófær um að sanna tilveru hennar á fullnægjandi hátt fyrir þeim manni sem viðurkennir aðeins það sem hinn hluthæfi hugur getur skilið, skilgreint, gagnrýnt og prófað.

Hinn vitri og hinn fáfróði mætast á sameiginlegu sviði eins og allar öfgar gera ætíð. Á milli standa þeir sem hvorki eru algerlega fávísir né búa yfir innsæislegri þekkingu. Þeir eru hinn mikli fjöldi menntamanna sem hafa þekkingu en ekki skilningi, og eiga enn eftir að læra að gera greinarmun á því sem hinn rökrétti hugur getur skilið, auga hugans getur séð og því sem aðeins hinn æðri eða óhlutlægi hugur getur meðhöndlað og þekkt. Um síðir tengist þetta innsæinu, sem er „tæki þekkingar“ fyrir hinn vitsmunalega og hagsýna launspeking sem skipað hefur tilfinningalífinu á sinn rétta stað og notar hugann sem

miðunartæki eða sjóngler til að skygnast inn í heim
sálarinnar.